

Starfsáætlun Fræðslusviðs

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1 Fræðsluskrifstofa.....	2
2. Grunnskólar.....	6
3. Leikskólar	10
4. Tónlistarskóli Reykjanesbæjar.....	12
5. Skólaakstur/STRÆTÓ	13
Lokaorð	13

Inngangur

Fræðslusvið fær alls kr. 1.917 milljónir í ár til rekstrar málaflokksins. Hér er stuttlega gerð grein fyrir hvernig þeir fjármunir dreifast og minnst á helstu verkefni sem eru í vinnslu eða til nýmæla kunna að teljast. Fjárhagsramma var úthlutað til sviðsins í heild sem skipt var á milli stofnana. Búið er að samræma staðla til leik- og grunnskóla í reiknilíkönnum sem skipta fjármunum miðað við fjölda barna eða barngilda, stöðugilda og launakostnaðar, eftir að tekið hefur verið tillit til fastra kostnaðarliða s.s. húsaleigu og fleira. Áætlun fyrir rekstur Fræðsluskrifstofu og tónlistarskóla miðast við veittar stöðuheimildir og fjölda nemenda og annars umfangs starfsemi eins og áður hefur verið.

Fjármagn til Fræðslusviðs deilist niður á eftirfarandi stofnanir og meginverkefni með eftirfarandi hætti:

• Fræðsluskrifstofa og fræðsluráð	104.128.000-
• Grunnskólar	1.254.493.000-
• Leikskólar	410.765.000-
• Tónlistarskóli	100.463.000-
• Skólaakstur	23.660.000-
• Fjölbrautaskóli	19.800.000-

1 Fræðsluskrifstofa



Á liðnu ári óskuðu nágrannasveitarfélögin eftir endurskoðun á þjónustusamningi við Fræðsluskrifstofu um sérfræðiþjónustu í leik- og grunnskólum. Vatsleysustrandarhreppur sagði samningi sínum upp og tók uppsögnin gildi 1. ágúst 2005. Við það fækkaði talsvert börnum á þjónustusvæðinu í heild (voru um 3.240) jafnvel þótt um verulega fjölgun nemenda sé að ræða

í þeim sveitarfélögum sem eftir eru, einkum í Reykjanesbæ sjálfum. Þessi áætlun gerir ráð fyrir að ekki verði frekari breyting á þjónustunni á næstunni. Barnafjöldi á þjónustusvæðinu miðað við 15. október 2005 er um 3.100 þar af 2.220 í grunnskólum og 820 í leikskólum. Í Reykjanesbæ eru um 1.790 börn í grunnskólum og um 645 í leikskólum.

Starfsmannahald

Sálfræðiþjónusta bæjarins var færð undir sérfræðiþjónustu Fræðsluskrifstofu í janúar 2005. Álag á sálfræðinga jókst verulega við þetta vegna vinnu við barnaverndarmál en einnig var óráðið í afleysingar vegna barneigna. Veikindaförföll voru veruleg í upphafi árs. Nú er fullmannað í allar stöður miðað við stöðuheimildir (10 stöðugildi) og gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda stöðugilda í sérfræðiþjónustu Fræðsluskrifstofu eða 7 stöðugildum alls.

Talþjálfun og kennsluráðgjöf til grunnskóla er þó ábótavant. Tekist hefur að stytta biðlista eftir greiningu á talmeinum með verktakasamningi en biðlistar eftir talþjálfun eru allt of langir og er þörfin brýn á því sviði.

Þróunarverkefnið **Lestrarmenning í Reykjanesbæ** hefur borið hróður bæjarins víða um land og hlaut það m.a. sérstaka viðurkenningu menntamálaráðherra á *Degi íslenskrar tungu*. Einkum hefur starfsemi þess verið kröftug í leikskólum. Það háir hins vegar verkefninu að geta ekki veitt meiri og markvissari ráðgjöf inn í hvern grunnskóla. Reynt verður að auka þjónustu með verktökum eins og fjárráð leyfa í kennsluráðgjöf í móðurmáli og talmeinaþjónustu.

Frístundaskóli

Frístundaskóli heyrir nú undir fræðslusvið og þess vegna færast tvö og hálf stöðugildi frístundaskólans, þar með talinn verkefnisstjóri, yfir til Fræðsluskrifstofu. Önnur stöðugildi frístundaskóla deilast á grunnskólana.

Skólastefna Reykjanesbæjar

Skólastefna Reykjanesbæjar var fyrst samin 1997 og næst endurskoðuð 2001. Skólastefnan var á margan hátt tímamótaskjal og hefur reynst bænum vel við uppbyggingu skólastarfs á miklum breytingatímum. Mörg atriði í stefnunni hafa staðist vel tímans tönn. Stefnuna þarf hins vegar að endurskoða reglulega svo hún megi vera lifandi skjal. Fræðsluráð og fræðslusvið mun yfirfara stefnuna á árinu og leggja að nýju fyrir bæjarstjórn.

Fjölgun réttindakennara



Reykjanesbær leggur áherslu á að fjölga réttindakennurum í leik og grunnskólum og hefur þar náðst talsverður árangur. Fjöldi réttindakennara í grunnskólum er nú um 80% en tæp 40% í leikskólum, þannig að betur má ef duga skal. Áfram verður lögð áhersla á samstarf við MSS varðandi fjarnám á háskólastigi. Bæjarfélagið styrkir nema í grunnnámi til kennsluréttinda og einnig þá sem stunda framhaldsnám

við KHÍ. Afleysingar vegna fjarnámsnema kalla á kostnað upp á um 67 milljónir á ári. Samvinnu við KHÍ um æfinganema bæði fyrir leik- og grunnskóla verður haldið áfram.

Kynningarbæklingur til kennaranema var endurskoðaður 2005 og verður sendur öllum kennaranemum í janúar. Ástæða er til að huga sérstaklega að þeim kennaranemum sem eiga lögheimili á Suðurnesjum þar sem reynslan hefur sýnt að þeir eru líklegastir til að setjast hér að.

Símenntun starfsfólks

Fræðsluskrifstofan mun sem fyrr skipuleggja námskeið og fræðslufundi fyrir kennara og starfsfólk leik- og grunnskóla í samræmi við símenntunaráætlanir.

Fræðsluskrifstofan sækir eftir stuðningi í Símenntunarsjóð og Þróunarsjóð menntamálaráðuneytis til viðbótar því fjármagni sem skrifstofan hefur yfir að ráða til þessara mála. Áhersla er lögð á námsmat og fjölbreytta kennsluhætti auk umbótastarfs í stærðfræði, íslensku og raungreinum.

Þess má einnig geta að hver stofnun hefur einnig ákveðið fjármagn til endur- og símenntunar fyrir sína starfsmenn.

Þá verður lögð áhersla á símenntun sérfræðinga Fræðsluskrifstofu þannig að starfsmenn geti fylgst með nýjungum á sínu sviði og að skrifstofan verði áfram í fararbroddi á sviði skólaþjónustu.

Skólaráðstefna vinabæja

Skólaráðstefna norrænu vinabæjanna fimm verður haldin í lok september. Vinabæirnir skiptast á að halda ráðstefnurnar sem eru ætlaðar skólanefndarmönnum og forsvarsmönnum fræðslusviða. Ráðstefnurnar hafa að jafnaði verið haldnar á tveggja ára fresti. Síðasta ráðstefna var haldin í Kerava haustið 2003.

Samstarf við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Fræðsluskrifstofa hefur átt samstarf við HSS um greiningar vegna þroskafrávika barna. Það samstarf hefur leitt til þess að skemmri tíma tekur að greina börn og veita þeim þjónustu við hæfi í kjölfarið. Áframhald verður á því samstarfi með það að markmiði að veita íbúum svæðisins betri þjónustu og ekki þurfi nema í undantekningartilfellum að vísa börnum til Reykjavíkur. Þá hefur samstarfið við HSS vegna lestrarmenningar verið mjög gott en Fræðsluskrifstofa gaf út þrjú kynningarrit um málþroska barna og mikilvægi uppeldis, sem notaðir eru í ungbarnaeftirliti HSS.

Samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Samstarf við FS hefur einkum verið á tveimur sviðum. Annars vegar er um að ræða valgreinaáfangar fyrir nemendur í 10. bekk sem gefst kostur á að taka einingabæra áfanga við skólann sem valgrein í grunnskóla og hins vegar kaupir FS sérfræðiþjónustu frá Fræðsluskrifstofu, einkum á sviði sálfræðiráðgjafar og greininga.

Íslensk stöðlun á WISC-IV greindarprófinu

Um þessar mundir stendur yfir stöðlun á WISC-IV greindarprófinu fyrir grunnskólabörn og þar leggja sálfræðingar Fræðsluskrifstofu sitt af mörkum. Sálfræðingar skrifstofunnar hafa áður tekið þátt í slíkri vinnu við stöðlun á WPPSI-R sem er greindarpróf fyrir forskólabörn. Því verki lauk 2004.

SOS – hjálp fyrir foreldra



Boðið er upp á námskeiðið SOS – hjálp fyrir foreldra sem er kennsla í uppeldistækni og hugsað sem hjálp fyrir foreldra og starfsfólk sem starfar með börnum. Boðið er upp á námskeiðið fyrir alla foreldra 2 ára barna í Reykjanesbæ sem almenna forvörn. Foreldrum barna með hegðunarerfiðleika og ofvirkni er ráðlagt að sækja námskeiðið. Meginþorri starfsmanna leik-, frístunda- og grunnskóla hefur setið

námskeiðið auk annarra faghópa. Sérstakur markhópur ársins 2006 verða aðfluttir foreldrar og dagmæður.

Slík samhæfing uppeldisstefnu í heilu bæjarfélagi er einstök bæði hér á landi og erlendis og auðveldar það mjög alla samvinnu milli sérfræðinga, starfsfólks á uppeldisstofnunum og foreldra. Sótt hefur verið um rannsóknarstyrk til Rannís til að athuga hvaða árangri samhæfingin og námskeiðið skilar en án árangurs. Þó er ljóst skv. forkönnunum að verulega hefur dregið úr tilvísunum vegna hegðunarvandamála.

Að jafnaði hafa verið haldin 12 námskeið á ári og hafa um 900 manns lokið þeim. Kostnaður er um 900 þús. kr. á ári.

Hugur og Heilsa

Fræðsluskrifstofa hefur lagt til starfsmann sem tekur þátt í rannsóknarverkefninu Hugur og Heilsa sem Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur og Edward Craighead doktor í sálfræði eru í forsvari fyrir. Rannsóknin felst í að kanna hvort hægt sé að koma í veg fyrir að unglingar í áhættuhópi þrói með sér þunglyndi á unglingsárum með því að bjóða þeim upp á námskeið sem byggir á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar. Fylgst er með þátttakendum og samanburðarhópi í tvö ár eftir að námskeiði lýkur. Þróun verkefnisins hefur staðið yfir í nokkur ár og kom Reykjanesbær inn í það samstarf vorið 2003. Í ár er um að ræða eftirfylgd með tveimur hópum.

Lestrarmenning í Reykjanesbæ

Verkefnið hófst formlega í apríl 2003 og er ráðgert að það standi yfir til vorsins 2006. Verkefnisstjórn hefur verið í höndum menningarfulltrúa og fræðslustjóra, sem hafa bætt stjórnuninni á önnur störf. Þrátt fyrir það hefur tekist að breiða verkefnið talsvert út fyrir skólana í góðu samstarfi við Víkurfréttir, sem hafa birt fjölda greina, fylgst með lestraráskorun fyrirtækja og fl.

Þrjú bæklingar voru gefnir út haustið 2004, ætlaðir foreldrum kornabarna annars vegar og ungbarnaeftirliti (18 mánaða) hins vegar. Verkefnið nýtur enn stuðnings Félags bókaútfenda.

Verkefnisstjórn efndi til rithöfundasamkeppni um bókahandrit fyrir börn sem hefur sögusvið í Reykjanesbæ eða á Reykjanesi. Niðurstöður verða birtar í apríl.

Mikill áhugi er á því að halda verkefninu áfram og efla m.a. íslenskukennslu innflytjenda.

Samstarf við nemendur á háskólastigi

Áfram verður unnið að því að fá nemendur í háskólanámi til að vinna skólaverkefni tengd starfsemi Reykjanesbæjar með það fyrir augum að styðja við stúdentana og fá notið krafta þeirra á móti til góðra og nauðsynlegra verkefna. Engin slík verkefni fóru af stað árið 2004.

Íþróttakademía í Reykjanesbæ

Íþróttakademían tók til starfa sl. haust og verður hún mikil lyftistöng fyrir skólastarf á svæðinu bæði með staðbundnu háskólanámi og fjarnámi á háskólastigi. Samstarf tókst



með Akademíunni og Fjölbrotaskóla og stefnt er að auknu samstarfi hennar og grunnskólanna.

Betri grunnskóli og samstarf við skólaskrifstofur

Helstu samstarfsaðilar Fræðsluskrifstofu eru nærliggjandi skóla- og fræðslumiðstöðvar. Mikið og gott samstarf hefur einkum verið við Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ, Hafnarfjörð og Seltjarnarnes á árinu og verður framhald á því.

Sveitarfélögin hafa haft samráð í fjármálum og áætlanagerð skólahlads, fjárveitingum til sérverkefna, sérkennslumálum og fleirum slíkum þáttum.

Ráðstefna um bernskuna og leikskóla

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar stóð fyrir ráðstefnu um **Drengjameningu í grunnskóla** vorið 2005 í samráði við fræðsluviðin í Garðabæ, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi, með stuðningi Heimilis og skóla, Kennaraháskólans og Menntamálaráðuneytis. Styrktaraðilar voru Sparisjóðurinn í Keflavík og Actavis.

Ráðstefnan var afar fjölsótt og vel heppnuð. Grunnskólarnir eru nú að hefja þróunarverkefni sem kemur markvisst til móts við áhugasvið drengja í námi.

Samstarfsaðilarnir hafa ákveðið að halda starfinu áfram og verður sjónum næst beint að bernskunni og leikskólastarfi. Ráðstefna verður haldin þann 3. mars 2006 undir yfirskriftinni **“Hve glöð er vor æska”**.

Manngildissjóður: Skólaþróunarsjóður

Manngildissjóði Fræðsluviðs er ætlað að styðja við þróunar- og umbótastarf sviðsins. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi um 4 milljónir á árinu til vel skilgreindra verkefna. Umsóknir í sjóðinn skulu berast bæjarritara en styrkveitingar fara fram tvisvar á ári.

Endurnýjun tölvubúnaðar

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir reglubundinni endurnýjun á tölvubúnaði stofnana. Stærstu notendur slíks búnaðar eru grunnskólar. Tölvudeild bæjarins fundar reglulega með skólastjórnendum og umsjónarmönnum tölvuneta skóla.

Rekstrarráðgjöf og eftirlit til stofnana

Í samvinnu við fjármála- og rekstrarsvið verður reglulegum fundum fjármálaráðgjafa og starfsþróunarstjóra annars vegar og skólastjóra leik- og grunnskóla hins vegar haldið áfram. Rekstarstaða hvers stofnunar er send út í upphafi hvers mánaðar, ráðgjöf veitt og tekið stöðumat á rekstri hvers stofnunar.

Nauðsynlegt er að ráðgjöf vegna gerðar fjárhagsáætlunar og rekstrareftirlits verði enn markvissari.

2. Grunnskólar



Grunnskólum bæjarins fjölgaði um einn á árinu 2005 þegar Akurskóli tók til starfa. Akurskóli er byggður á hugmyndafræði opins skóla, þar sem áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám, samvinnu nemenda og kennara, samkennslu árganga og fjölbreytta kennsluhætti. Leikskóladeild frá Leikskólanum Holti er rekin innan skólans.

Aðbúnaður í grunnskólum Reykjanesbæjar er með því

besta sem býðst á Íslandi. Reykjanesbær hyggst af sama metnaði stuðla að eflingu innra starfs skólanna.

Lögð er áhersla á manngildi og nemendum gert kleift að tileinka sér mannrækt sem hverjum aldurshópi hæfir. Þáttur foreldra í skólastarfinu hefur verið aukinn og sífellt verður leitað leiða til að auka skilning og samvinnu heimila og skóla sem skilar sér í betri aga og námsárangri. Áhugi foreldraráða og foreldrafélaga (FFGÍR) er lofsverður. Skólarnir þróa áfram leiðir til innra mats með áherslu á skólaumbætur. Símenntunar- og starfsþróunaráætlanir eiga að tryggja að samræmi sé á milli áherslna í skólanámskrá og þarfa starfsfólks.

Nemendafjöldi og starfsmannahald

Grunnskólabörnum fjölgaði um tæplega 70 á liðnu sumri og voru þau alls alls 1.786 talsins þann 15. október 2005. Stjórnendur og kennarar í grunnskólum Reykjanesbæjar eru alls 160 í 157,6 stöðugildum, þar af er 36 leiðbeinendur. Aðrir starfsmenn eru alls 85. Fjöldi stöðugilda kennara fer fyrst og fremst eftir fjölda kennslustunda sem nemendafjöldi og námsskrá krefst. Við úthlutun á tímamagni til almennrar kennslu og sérkennslu er notað svokallað Reykjavíkurlíkan sem er tengt nemendafjölda og mati fagmanna á sérþörfum barna.

Að vori er reynt að bregðast við breytingum á nemendafjölda og öðrum óvissuþáttum sem geta orðið á milli skólaára, en endurskoðuð úthlutun miðast við 15. september.

Almennir starfsmenn grunnskóla (áður stuðningsfulltrúar, gangaverðir og starfsmenn frístundaskóla) vinna eftir nýrri starfslýsingu sem hefur það að markmiði að skapa fjölbreyttari störf og jafnframt betri nýtingu á vinnutíma og hagræðingu. Rekstur mótuneyta var boðinn út sl. sumar og sér Matarlyst efh. um verkið.

Frístundaskóli

Starfsemi frístundaskóla hófst haustið 2003. Frístundaskólinn starfar alla skóladaga ársins og starfsdaga kennara. Sækja þarf sérstaklega um þjónustu í vetrarleyfum skóla. Frístundaskóli býður grunnskólabörnum upp á hollar tólmstundir og fræðslu eftir að skóladegi lýkur með skipulagðri dagskrá. Ábyrgð á rekstri frístundaskóla færðist frá MÍT sviði yfir til FRÆ á síðasta ári og lýtur nú stjórn skólastjóra viðkomandi skóla.

Verkefnisstjóri frístundaskólans starfar á Fræðsluskrifstofu og sér til þess að byggt sé ofan á þann árangur sem náðst hefur með starfinu á undanförunum tveimur árum.

Markmið Reykjanesbæjar er að frístundaskólinn nái að vaxa og dafna sem óaðskiljanlegur þáttur frá öðru skólastarfi. Íþróttæfingar og annað tólmstundastarf nemenda skipa ríkan sess í starfi frístundaskólans og er mikilvægt að halda góðu samstarfi við íþróttafélög og skipuleggiendur annars félags- og tólmstundastarfs.

Skóli án aðgreiningar

Þjónusta við fatlaða nemendur tekur til sín verulegt fjármagn og mönnun. Stefna bæjarins er að mæta þörfum hvers og eins í heimaskóla eins og kostur er en sérúrræði eru nauðsynleg samhliða því. Þrjár sérdeildir eru reknar innan grunnskólanna: **Eikin**, deild einhverfra í Holtaskóla og sérdeildirnar **Ösp og Björk** við Njarðvíkurskóla fyrir fötluð börn og börn með atferlistruflun. Deildirnar starfa samkvæmt deildarnámskrám og inntökureglur fyrir deildirnar eru skýrar.

Úthlutun á fjármagni til sérkennslu í grunnskólum á að tryggja að fötluð börn og þeir sem falla undir reglugerð um sérkennslu, fái þjónustu við hæfi og að fjármagnið deilist þar sem þörfin er mest.

Í grunnskólunum eru um 60 nemendur af erlendum uppruna sem þarfnast margir hverjir sérþjónustu. Þeir fá íslenskukennslu og þjónustu í samræmi við ráðgjöf kennsluráðgjafa á því sviði. Sérstök deild fyrir innflytjendur er starfrækt í Myllubakkaskóla.

Athugað verður með framhald á verkefninu færni- og áhugamiðað nám í samstarfi við MÍT.

Móðurmáls- og lestrarkennsla

Móðurmálskennsla verður í brennidepli á komandi árum. Sérstök rækt verður lögð við móðurmáls- og lestrarkennslu öll grunnskólaárin og eflingu málþroska skólabarna.

Áhersla verður lögð á að kennarar í yngstu bekkjum hafi haldgóða menntun í lestrarkennslu. Þá er ætlast til að allir grunnskólar geri sérstaka áætlun til eflingar kennslu móðurmáls. Námskeið verða skipulögð af skólunum og Fræðsluskrifstofu í samráði við sérfræðinga hennar, KHÍ eða með gestakennurum.

Greiningarpróf verða áfram lögð fyrir nemendur í 1. bekk. Lesskimunarprófið **Læsi 2** verður lagt fyrir öll börn í 2. bekk í apríl og foreldrar virkjaðir til aukinnar þátttöku við ræktun móðurmálsins.

Aðgerðir gegn einelti

Tveir af skólum Reykjanesbæjar, Heiðarskóli og Njarðvíkurskóli, hafa tekið þátt í **Olweusarverkefninu** gegn einelti og tileinkað sér áætlunina. Næst verður boðið upp á þátttöku í verkefninu haustið 2006. Hvatt er til þess að hinir skólarnir þrír, Akurskóli, Holtaskóli og Myllubakkaskóli fari á námskeið í Olweusarverkefninu gegn einelti.

Þátttakan kostar um kr. 500.000 á ári fyrir hvern skóla en ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu á árinu 2006. Þá er ljóst er að verkefnið kallar á reglulegar kannanir sem útheimta meiri kostnað en gert var ráð fyrir í upphafi. Þá hafa nýir kjarasamningar KÍ takmarkað möguleika skólastjóra á framkvæmd og eftirfylgd verkefnisins. Ef vel á að vera þurfa skólarnir styrk til að greiða starfsmanni laun til að stýra eineltisteymi, sjá um árlegar kannanir og halda utan um áætlun og viðbrögð gegn einelti með öðrum starfsmönnum hvers skóla.

Heiðurslistar

Grunnskólarnir unnu að skilgreiningu og gerð heiðurslista Reykjanesbæjar sl. vor. Listarnir voru birtir í á upplýsingavefjum skólana og bæjarins við upphaf skólaárs. Fræðsluráð leggur áherslu á að áfram verði unnið að gerð heiðurslista.

Markmið heiðurslistanna er annars vegar að geta sérstaklega þeirra grunnskólanema sem ná góðum árangri og/eða sérstökum framförum í námi og hins vegar að efla heilbrigðan metnað nemenda og veita umbun og hvatningu til þeirra sem eru öðrum góð fyrirmynd á hvaða sviði skólastarfs sem er. Hrósi og viðurkenning fyrir góðan árangur, framgöngu og framkomu hefur mikið uppeldislegt gildi og á að vera hluti af daglegu starfi skólans. Niðurstöður þessarar vinnu eiga að liggja fyrir að vori rétt eins og annað námsmat.

Bráðger börn

Samstarfi við Heimili og skóla, Reykjavíkurborg og Háskóla Íslands um verkefnið Bráðger börn lauk formlega vorið 2004. Ekki eru áform um að halda því verkefni áfram með óbreyttum hætti hjá þessum aðilum. Háskóli Íslands hefur lagt áherslu á sumarháskóla barna og mun gera það áfram. Þessi hluti verkefnisins er því í biðstöðu um ófyrirséðan tíma.

Reykjanesbær leggur áherslu á að grunnskólar bæjarins hugi sérstaklega að bráðgerum börnum í þróunarstarfi, þannig að þeim sé gefinn kostur á fjölbreyttum verkefnum við hæfi. Minnt er á hlutverk manngildissjóðs af þessu tilefni.

Skólaumbætur og skilvirkni skólastarfs

Mikilvægt er að efla enn frekar samstarf skólastjórnenda og umræður um skólaumbætur. Fræðsluskrifstofa, í samráði við Símenntunarstofnun KHÍ og HA, hefur staðið fyrir námskeiði fyrir kennara um helstu kenningar um skólaumbætur og einstaklingsmiðað nám auk námsmats í grunnskólum. Nauðsynlegt er að efla raungreinakennslu í grunnskólum og verður gerð úttekt á búnaði til eðlis- og efnafræðikennslu.

Innra mat

Skólarnir hafa óskað eftir frekari aðstoð við að koma á markvissu innra mati. Töluvert hefur verið birt og skrifað um innra mat í skólum og er stefnt að því að bjóða upp á námskeið um frekari þróun matsaðferða. Einungis 17 skólar á landinu teljast nota fullnægjandi aðferðir til innra mats. Enginn skóli á Suðurnesjum er í þeim hópi.

Aukið foreldrasamstarf í grunnskólum

Áfram verður unnið að bættu samstarfi foreldra og skóla. FFGÍR og grunnskólar stóðu fyrir málþingi sl. haust sem gekk vel. Þá hafa starfshópar foreldra og kennara unnið að því að skilgreina betur hlutverk umsjónakennara og finna leiðir til að setja hverjum nemanda markmið í námi og hegðun.

Sérstaða hvers skóla

Lagt er til að skólar skilgreini skýrar sérstöðu, áherslur og hugmyndafræði hver á sínu sviði.

Fræðsluráð telur æskilegt að nemendum gefist kostur á að sækja valttíma í sérhæfðum námsgreinum í aðra skóla ef þeir hafa áhuga á og er mikilvægt að skólarnir móti reglur þar um.

Stefnt er að kynningu á starfi og sérstöðu skólanna t.d. með opnum degi í hverjum skóla.

Speglun við vinaskóla

Fræðsluráð leggur áherslu á að skólar vinni markvisst að því að bæta starfs- og kennsluhætti sína með því að kynna sér vinnubrögð sem þykja til fyrirmyndar.


Skólarnir haldi áfram að kynna sér það sem vel er gert í öðrum grunnskólum, spegli sig við það besta sem gerist á hverju sviði og heimfæri það/spegli sig í því.

Viðhorfakannanir

Könnun á þjónustugæðum verður lögð fyrir foreldra grunnskólabarna á vormánuðum.

Samstarf grunn- og Fjölbrautaskóla

Mikið og vaxandi samstarf hefur verið við Fjölbrautaskólann um framboð valgreina öllum til hagsbóta.

3. Leikskólar

Leikskólar í bænum eru nú sjö talsins. Rekstrarsamningur við Gimli var endurnýjaður á síðasta ári en rekstrarform annarra skóla er óbreytt. Starfsemi leikskóla verður nánast með óbreyttum hætti á milli ára. Engir biðlistar hafa verið á leikskólum fyrir börn eldri en tveggja ára en innri biðlisti er til staðar þ.e. vegna óska um breytingu á vistunartíma eða leikskóla. Starfsfólki hefur fjölgað vegna aukins fjölda barna og nýrrar deildar innan Akurskóla. Hafinn er undirbúningur að byggingu nýs skóla og verður leitað leiða til að mæta aukinni þörf á leikskólarýmum.

Barnafjöldi og starfsmannahald

Alls eru 645 börn í leikskólum bæjarins. Starfsmenn eru 167 talsins í 140,25 stöðugildum. Leikskólakennarar eru 55, ófaglærðir starfsmenn 100 og í mötuneytum starfa 13 starfsmenn.

Fjarnám til réttindanáms og framhaldsnám

Við Kennaraháskóla Íslands, leikskólabraut, stunda fimmtán nemendur nám frá leikskólum Reykjanesbæjar veturinn 2005-2006.

Áfram verður haldið samstarfi við KHÍ, HA og MSS um þennan þátt.

Tenging leik- og grunnskóla

Samstarf milli leikskóla og grunnskóla er komið í fastar skorður. Gagnkvæmar heimsóknir eru milli yngstu nemenda grunnskólans og elstu barna leikskólans. Lögð verður áhersla á að kennarar elstu barnanna taki þátt í kennslustund í sínum heimaskóla og á dagskrá er að grunnskólakennarar komi og taki þátt í kennslustund í leikskólanum til að kynnast störfum og kennsluháttum þar. Þá er farið í íþróttatíma í öllum grunnskólunum og fá leikskólabörnin að vera með í kennslustund.

Í maí sl. var sameiginleg kynning á verkefnum barnanna fyrir kennara og deildarstjóra yngsta stigsins í grunnskólum bæjarins. Þar voru kynntar sameiginlegar áherslur allra leikskóla og haldin stutt kynning frá hverjum leikskóla um sérstöðu hans.

- Sumir leikskólarnir eru þannig settir að elsti barnahópurinn skiptist í tvo og jafnvel þrjá grunnskóla sem gerir samvinnuna flóknari
- Fimmta deildin á Holti – Akur, var sett á laggirnar í Akurskóla. Þar verður áhersla lögð á könnunaraðferðina og bókin höfð í öndvegi. Þar býðst áhugavert tækifæri til að þróa samstarfið milli leik- og grunnskóla enn frekar.

- Sérkennslufulltrúar leik- og grunnskóla veita upplýsingar til grunnskólanna vegna barna sem eru að byrja í grunnskóla og hafa fengið sérkennslu.
- Sérstaklega verður reynt að ná til 5 ára barna sem ekki eru í leikskólum og þess gætt að þau njóti fræðslu/kynningar á grunnskólastarfinu.

Móðurmálverkefni

Sérstök rækt verður lögð við móðurmálskennslu og eflingu málþroska leikskólabarna í samræmi við starfsáætlun lestrarmenningar í Reykjanesbæ. Í þeim tilgangi verða hljóðkerfisvitundarpróf Hljóm 2 lögð fyrir öll elstu börnin í leikskólum bæjarins og málþroskapróf fyrir þau leikskólabörn sem þess þurfa. Málörvun er fléttað inn í sem flesta þætti leikskólastarfsins. Einkum er leikurinn notaður í þessu skyni því ótal stundir í dagsins önn eru vel fallnar til málörvunar. Unnið verður að markvissri málörvun og örvun lesþroska í náinni samvinnu við foreldra.

Biðlistar

Biðlistar eru nánast úr sögunni en ennþá er mikil eftirspurn eftir heilsdagsrýmum sem ekki hefur verið unnt að anna að fullu. Inntökualdur miðast við tveggja ára aldur að hausti. Þó vel hafi tekist til á þessu hausti þá er útlitið ekki gott haustið 2006 verði ekki brugðist skjótt við með því að finna úrræði fyrir þau börn sem komin eru á biðlista strax í byrjun nýs árs.

Nýr leikskóli í Tjarnhverfi verður að koma til svo hægt verði að taka á móti þeim börnum sem koma til með að flytja í hverfið. Þá þarf einnig að huga að því hvort byggt verði við Heiðarsel og hvort byggður verður nýr leikskóli þar sem Vesturberg er.

Framkvæmdir við leikskóla

Gengið verður frá lóðarvali fyrir næsta leikskóla og athugaðir möguleikar á áframhaldandi samstarfi leik- og grunnskóla í Akurskóla. Einnig verða kannaðir möguleikar á stækkun Heiðarsels og Gimlis.

Þjónusta við innflytjendur

Lokið hefur verið við gerð fjölmennningar- nýbúaáætlunar fyrir leikskóla bæjarins og er unnið samkvæmt henni. Brýnt er að koma betra lagi á túlkabjónustu þannig að skólar geti kallað til þjálfaðan túlk að jafnaði tvisvar á ári.

Foreldrasamstarf

Áhersla er lögð á góð og jákvæð samskipti heimila og skóla í öllum leikskólunum og er leiðum til þess lýst í ársáætlun leikskólanna. Foreldrum er boðið upp á einstaklingsviðtöl að jafnaði tvisvar á ári. Foreldrafundir eru haldnir í leikskólunum. Á haustfundum fá foreldrar kynningu á starfseminni eins og hún er hverju sinni. Kynningarfundir með nýjum foreldrum eru haldnir að vori og fyrir foreldra elstu barnanna að hausti eða í upphafi síðasta skólaárs. Fyrirlesarar eru stundum fengnir á þessa fundi. Fréttabréf eru gefin út í öllum leikskólunum þar sem komið er á framfæri ýmsum upplýsingum um það sem er á döfinni hverju sinni. Að auki hefur hver leikskóli vefsíðu þar sem finna má helstu upplýsingar um starfið.

4. Tónlistarskóli Reykjanesbæjar

Nemendafjöldi og starfsmannahald

Alls stunda 678 nemendur nám við skólann í vetur, þar af um 350 í forskóla innan grunnskólanna. Þá stunda 149 nemendur hljóðfæranám innan grunnskólanna. Við Tónlistarskólann starfa 34 kennarar í 25,7 stöðugildum. Gert er ráð fyrir því að bætt verði við einu stöðugildi til hljóðfærakennslu frá og með 1. janúar 2006.

Einnig er stefnt að því að bæta við deildarstjóra í rytmadeild skólans, í 15-20% stjórnunarhlutfall frá og með 1. ágúst 2006.

Samstarf TR og grunnskóla



Áfram verður haldið góðu samstarfi tónlistarskóla og grunnskóla með forskólakennslu fyrir öll börn í 1. og 2. bekk. Þá hefur tónlistarskólinn aðstoðu í öllum grunnskólum bæjarins og hefur það reynst mjög til hagsbóta bæði fyrir nemendur og kennara. Gera þarf áttak til að samræma og bæta búnað til kennslunnar í grunnskólunum til samræmis við það sem lagt var upp með við stofnun skólans 1999.

Málefni framhaldsnema

Reykjanesbær leggur áherslu á að sátt sé milli ríkis og sveitarfélaga um mat á framlagi Tónlistarskólans til kennslu framhaldsskólanema og að sanngjörn greiðsla komi á móti vegna

kennslukostnaðar.

Tónlistarskólinn og Fjölbrautaskóli Suðurnesja gerðu með sér samkomulag um mat á framlagi tónlistarskólans til kennslu framhaldsskólanema. Jafnframt er enn í gildi samningur milli ríkis og sveitarfélaga, frá 29. október 2004, um greiðslur til tónlistarskóla vegna kennslu framhaldsskólanema. Gildistími þessa samnings er út skólaárið 2005-2006. Það er verulega aðkallandi, að Samband íslenskra sveitarfélaga, endurnýi þennan samning við ríkið.

Samþykktar hafa verið reglur um stuðning við nemendur sem þurfa að stunda tónlistarnám utan sveitarfélagsins sökum sérhæfingar- eða framhaldsnáms. Reikna má með að strax á árinu 2006 komi til kasta þessara reglna.

Tónlist fyrir alla

Reykjanesbær hefur verið þátttakandi í kynningarverkefninu TFA sem nær til allra grunnskólabarna. Undirbúningur er í höndum grunnskólanna en aðstoð og framkvæmd í höndum TR. Kostnaður er áætlaður kr. 700 þúsund

Tónlistarskóli - tónlistarmiðstöð

Áfram verður unnið að því að koma Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og skyldri starfsemi í viðeigandi og varanlegt húsnæði. Fyrir liggja tillögur um breytingar á Félagsheimilinu Stapa og viðbygginu fyrir tónlistarskóla sem myndi skapa tónlistarstarfi í bæjarfélaginu verðugan ramma. Í því húsi yrði Tónlistarskóli Reykjanesbæjar með aðra þá starfsemi sína sem ekki fer fram í grunnskólunum og væri þar



með núverandi húsnæðisvandi skólans leystur sem og til nánustu framtíðar litið.

Sókrates/Comenius skólaverkefni

Tónlistarskóli Reykjaneshæjar hefur nú þegar hafið undirbúning að 3ja ára verkefni á grundvelli Sókratesaráætlunar Evrópusambandsins (ESB). Fyrsta hluta undirbúningsstarfsins lauk haustið 2005 og er fyrirhugað að í apríl 2006 verði seinni hluta undirbúnings lokið og verkefnið hefjist í september 2006 og ljúki í júlí 2009. Verkefnið er styrkt af ESB, sem og undirbúningur þess. Samstarfsskólar TR í þessu verkefni eru 3 grunnskólar, þ.e. einn í London, einn í Utrecht í Hollandi og einn í Madrid á Spáni, allir með nokkuð öflugt tónlistarstarf. Einnig eru líkur á því að fjórði samstarfsskólinn, Tónlistarskólinn í Bachnang í Þýskalandi bætist í hópinn.

Strengjateild

Áfram verði unnið að því að byggja upp starfsemi strengjateildar skólans. Til þess þarf að auka stöðugildi til deildarinnar og fjölga nemendum. Húsnæðisvandi skólans gæti þó orðið til þess að sú uppbygging verði hægari en ákjósanlegt væri. Stefnt er að því að strengjasveitir skólans taki þátt í landsmóti strengjanemenda, sem haldið verður í sveitarfélaginu Árborg haustið 2006.

5. Skólaakstur/STRÆTÓ

Skólaakstur fatlaðra nemenda er vaxandi liður í þjónustu bæjarins. Dregið verður verulega úr beinum akstursstyrkjum til háskóla- og framhaldsskólanema sem stunda dagnám á höfuðborgarsvæðinu með það fyrir augum að leggja þá alfarið niður. Þess í stað hefur verið gert samkomulag við SBK um niðurgreiðslur á fargjöldum til námsmanna. Kostnaður vegna þessa samkomulags er áætlaður kr. 500.000 pr.önn.

Óljóst er hvernig haga þarf akstri vegna íþróttaiðkunar nemenda í Akurskóla, en þeir munu sækja íþróttakennslu í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur. Áætlaður kostnaður vegna strætisvagnaferða er áætlaður 14 milljónir.

Lokaorð

Hér hefur verið stiklað á stóru yfir helstu atriði í starfsáætlun Fræðslusviðs. Vonandi gefur þessi áætlun bæjarfulltrúum og fulltrúum fræðsluráðs yfirsýn yfir öll helstu viðfangsefni komandi árs. Ljóst má vera að hér gefst ekki tækifæri til nákvæmra lýsinga. Framkvæmd starfsáætlunar svo umfangsmikils sviðs liggur að miklu leyti hjá einstökum stofnunum, leik- og grunnskólum. Leyfi ég mér að vísa á vefsíður skólanna og skólanámskrár, sem gefa skemmtilega og fróðlega og umfram allt mun ítarlegri innsýn inn í það mikla starf sem þar er unnið.

Eiríkur Hermannsson, fræðslustjóri.